

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1603
komudagur 12.4.2006

12. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu*

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar að fá tækifæri til umsagnar um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, 566. mál, flutning Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytisins.

Þjóðarráðið sér ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við þær breytingar á reglum um þjóðskrá og almannaskráningu sem felast í frumvarpinu.

Aftur á móti viljum við benda á orðalag þar sem minnst er á þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, sem okkur finnst of njörvað. Aðalatriðið er væntanlega að skýrslur og upplýsingar berist frá viðkomandi trúfélögum, hvernig svo sem innra skipulagi þeirra er háttáð. Hvort þeir sem bera ábyrgð innan tiltekins trúfélags kallast prestar, goðar, forstöðumenn, safnaðarformenn eða eitthvað allt annað ætti ekki að blandast inn í löggjöf sem þessa.

Í tilviki bahá'í trúarinnar hvílir forsvarið ekki á einstaklingum heldur kjörinni stjórn í héraði annars vegar og hins vegar fyrir landið allt, þ.e. svæðisráðum og þjóðarráði. Undanfarin ár höfum við þurft að útnefna forstöðumenn til þess eins að koma til móts við lagatexta stjórnvalda en þeir hafa ekkert hlutverk né ábyrgð innan bahá'í samfélagsins. Ráðin eru hinir raunverulegu forsvarsaðilar íslenska bahá'í samfélagsins á hverju stjórnsýslustigi. Hvort formaður, ritari eða eftir atvikum starfsmaður ráðs undirritar plögg eða sinnir ákveðnum verkum fyrir hönd ráðsins er framkvæmdaatriði, aðalatriðið er að það sé gert í samræmi við reglur og framgangsmáta trúfélagsins en það er stjórn trúfélagsins (svæðis- eða þjóðarráð) sem er hinn raunverulegi ábyrgðaraðili.

Þjóðarráðið leggur því til að orðalag verði það almennt að það leggi ekki sérstakar kvaðir á trúfélög um það hvernig innra starfi þeirra sé háttáð.

Hægt væri að tala um *forsvarsaðila* trúfélaga en forsvarsaðilar gætu þá verið einstaklingar s.s. prestar eða forstöðumenn og sömuleiðis stjórnir eða ráð. En eðlilegast væri að tala einfaldlega um trúfélögin sjálf. Ef dæmi er tekið úr d. lið fjórðu greinar frumvarpsins þar sem segir:

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

„ Sérstakar upplýsingar sveitarstjórna, presta þjóðkirkjunnar, forstöðumanna eða presta skráðra trúfélaga, Útlendingastofnunar og annarra opinberra aðila ...”


Sama klausa gæti orðið:

...sérstakar upplýsingar sveitarstjórna, skráðra trúfélaga, Útlendingastofnunar og annarra opinberra aðila ...

(Það skyti t.d. skökku við að tala um *forstöðumenn* sveitastjórna í þessu samhengi. Það sama gildir, í það minnsta í einhverjum tilvikum, um trúfélög)

Vissulega eru þetta ekki einu lögin þar sem ámóta íþyngjandi orðalag er notað varðandi trúfélög, en það er mikilvægt þegar hugað er að trú- og félagafrelsi að ganga ekki út frá því að allir noti sömu aðferðir eða hugtök, og að ekki séu fyrir misgáning settar skorður sem engum tilgangi þjóna. Lagfæringar í þessa átt hljóta með tíð og tíma að verða á framsetningu annarra reglna og þá verður það einungis til hægðarauka að texti þessara laga sé vel orðaður frá upphafi.

Með bestu kveðjum,



Ingibjörg Daniélsdóttir
ritari Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi